

## LÖG

## um heimild til hækkunar á hlutfé Íslands í Alþjóðabankanum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að semja um hækkun á hlutfé Íslands í Alþjóðabankanum úr 22,2 milljónum Bandaríkjadollara í allt að 68,0 milljónir Bandaríkjadollara miðað við gullgengi dollars þann 1. júlí 1944.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 4. maí 1982.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Tómas Árnason.*

## LÖG

## um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Söluskattsskyldir aðilar og aðrir, sem tilgreindir eru á söluskattsskrá, skulu ótilkvaddir greiða mánaðarlega innheimtumanni ríkissjóðs í umdæmi því, þar sem þeir eru heimilisfastir, söluskatt þann, sem þeim ber að standa skil á samkvæmt lögum þessum. Greiðslum skal fylgja skýrsla, á þar til gerðum eyðublöðum, um heildarveltu fyrir síðasta mánuð, þar með talin úttekt til eigin nota, svo og upplýsingar um frádrátt, söluskattsskylda veltu og söluskatt þann, sem inna ber af hendi.

Söluskattsskýrslu með upplýsingum um heildarveltu og frádrátt ber einnig að skila innheimtumanni fyrir hvert uppgjörstimabil, þótt ekki hafi verið um söluskattsskylda veltu að ræða. Innheimtumenn skulu veita skýrslu viðtöku, þótt eigi fylgi greiðsla.

Sérhver aðili, sem rekur starfsemi í fleiri en einni starfsgrein, skal, eftir nánari ákvörðun skattstjóra, láta í té sérstaka söluskattsskýrslu fyrir hverja þeirra. Skattstjóri getur ákveðið, að aðili, sem rekur starfsemi á fleiri en einum stað, skuli láta í té sérstaka skýrslu fyrir hvern starfsstað.

Söluskatti ásamt söluskattsskýrslu skal skila fyrir hvern mánuð. Gjald dagi er 15. dagur næsta mánaðar eftir uppgjörsmánuð og eindagi 10 dögum síðar. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan fridag, færist eindagi á næsta virkan dag á eftir.

Skattstjóri getur heimilað þeim, sem hafa smávægilegan rekstur með höndum, að greiða söluskatt við framvísun söluskattsskýrslu einu sinni á ári, enda sé árleg söluskattsskyld velta yfirleitt minni en 10 000 kr.